

Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf.
Víkurheiði 6
801 Selfoss

Reykjavík, 22. febrúar 2024
UST202402-345/R.K
08.04

Efni: Bráðabirgðaheimild - Lághitaboranir á Reykjanesi

Vísað er til erindis HS Orku og Ræktunarsambands Flóa og Skeiða ehf. til Umhverfisstofnunar, dags. 19.02.2024, þar sem sótt er um bráðabirgðaheimild fyrir lághitaboranir á Reykjanesi, skv. 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Fram kemur í erindinu að á vegum Almanna- og Mannavarna sé verið að undirbúa borun eftir lághitavatni á utanverðum Reykjaneseskaga sem neyðarráðstöfun ef orkuver í Svartsengi yrði óstarfhæft og afhending á heitu vatni til byggða á Reykjanesi yrði ógnað. Fyrirhugað er að bora 3 borholur, eina á Njarvíkurheiði, eina við Vogshól og eina á svæði við Rosmhvalanes.

Í 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir kemur fram að Umhverfisstofnun er heimilt í sérstökum undantekningartilvikum, þegar brýn þörf er á að hefja eða halda áfram starfsemi sem heyrir undir lög þessi, að veita rekstraraðila bráðabirgðaheimild að hans beiðni fyrir starfseminni. Umhverfisstofnun skal eftir atvikum leita umsagnar hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar og annarra aðila eftir því sem við á. Heyri starfsemin undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana er skilyrði að fyrir liggi mat á umhverfisáhrifum vegna starfseminnar eða niðurstaða um matskyldu hennar.

Umhverfisstofnun sendi erindið til umsagnar heilbrigðisnefndar Suðurnesja.

Í umsögn heilbrigðisnefndar kemur fram að fyrir liggi umsókn um starfsleyfi frá Ræktunarsambandi Flóa og Skeiða ehf. Með umsókninni fylgdu öll tilskilin gögn, þ. á m. yfirlýsing landeiganda. Umsóknin um starfsleyfi er talin vera fullnægjandi. Í umsögninni kemur þó fram að „gerður fyrirvari við að hvorki fyrirspurn um matskyldu, álit Skipulagsstofnunar eða undanþága ráðherra, skv. lögum nr. 111/2021 liggja fyrir. Fram hefur komið að allt bendi til þess að framkvæmdin sé ekki háð umhverfismati og að Umhverfisstofnun muni fá þann skilning staðfestan hjá Skipulagsstofnun.“

Umhverfisstofnun hafði samband við Skipulagsstofnun og var það sameiginleg niðurstaða að umfang framkvæmdarinnar væri á þann veg að ekki væri um tilkynningaskylda framkvæmd að ræða skv. lögum um nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Umræddar framkvæmdir munu eiga sér stað innan þriggja grunnvatnshlota, Rosmhvalanes 2 (104-115-2-G), Rosmhvalanes 1 (104-115-1-G) og Reykjanes (104-263-G). Umhverfismarkmið grunnvatnshlota er að vera í góðu efnafræðilegu ástandi og hafa góða magnstöðu sbr. 12. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Umhverfismarkmið grunnvatnshlotanna Rosmhvalanes 1, Rosmhvalanes 2 og Reykjanes er að vera með góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand. Ástand grunnvatnshlotanna er óþekkt bæði hvað varðar magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand að undanskildu Rosmhvalanes 2 sem er skráð í hættu vegna efnaálags. Umhverfisstofnun vill benda á að ganga þarf úr skugga um að vatnið í Rosmhvalanesi 2 sé hæft til notkunar.

Markmið laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála eru samkvæmt m.a. 1. gr. þeirra að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langátímavernd vatnsauðlindarinnar.

Ef framkvæmdin leiðir í ljós hnignun eða mögulega hnignun á umhverfismarkmiðum vatnshlotsins getur framkvæmdaraðili sótt um heimild til stofnunarinnar til breytingar á vatnshlota skv. 18. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Fyrir liggur yfirlýsing Þróunarfélags Keflavíkur ehf. (Kadeco) kt. 701006-0970 f.h. Ríkissjóðs Íslands (landeigandi) kt. 540269-6459 dags. 16.02.2024 um að heimila HS Orku f.h. Almannavarna Ríkislögreglustjóra að rannsaka og leita að jarðhita á tilteknu svæði landeiganda, Njarðvíkurheiði í Reykjanesbæ, Miðnesi í Suðurnesjabæ og Vogshól í Reykjanesbæ. HS Orka hefur fengið Ræktunarsamband Flóa og Skeiða til þess að bora fyrir nefndar borholur.

Í ljósi framangreinds, umsagnar heilbrigðisnefndar, þess að fram er komin fullnægjandi starfsleyfisumsókn og í samræmi við 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, **fellst Umhverfisstofnun á að veita Ræktunarsambandi Flóa og Skeiða ehf. Kt. 090179-5199 bráðabirgðaheimild vegna borana á 3 lághitaholum á Reykjanesi.** Undanþága þessi gildir þar til starfsleyfi hefur verið gefið út en þó eigi lengur en til 22.02.2025.

Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf. skal fara að skilyrðum sem fram koma í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og almennum starfsleyfisskilyrðum vegna jarðborunnar frá heilbrigðisnefnd Suðurnesja fyrir mengandi starfsemi sem og Verklagsreglum vegna framkvæmda á eða í grennd við vatnsverndarsvæði. Haga skal starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir. Skjöl þessi eru auglýst með bráðabirgðaheimildinni og skal Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf. fylgja þeim.

Heilbrigðisnefnd Suðurnesja fer með mengunarvarnaeftirlit skv. XIV. kafla laga nr. 7/1998 með starfseminni. Rekstraraðili ber ábyrgð á kostnaði af eftirliti eftirlitsaðila. Ber fyrirtækinu að fylgja fyrirmælum nefndarinnar um kröfur og starfshætti sem varða mengunarvarnir

framkvæmdarinnar. Nefndin getur beitt þvingunarúrræðum skv. XVII. kafla laga nr. 7/1998 ef frávík verða frá skilyrðum bráðabirgðaheimildarinnar. Þá mun nefndin upplýsa Umhverfisstofnun um frávík sem til álita kemur að beita stjórnvaldssektum, sbr. 2. mgr. 55. gr. laga nr. 7/1998.

Heilbrigðisnefnd Suðurnesja skal birta bráðabirgðaheimild þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur henni tengdar.

Umhverfisstofnun mun birta bráðabirgðaheimild þessa á vefsíðu sinni. Heimild þessi gildir þar til starfsleyfi hefur verið gefið út en þó eigi lengur en til 22.02.2025. Komi í ljós þörf á að fá bráðabirgðaheimildina framlengda skal sækja um tímanlega eða helst eigi síðar en mánuði áður en heimildin rennur út.

Umhverfisstofnun vill benda á eftirfarandi vegna ástands þeirra vantshlota sem bora á í:

- Grunnvatnshlotið Rosmhvalanes 2 hefur verið skilgreint í óvissu vegna efnaálags og mögulega er ekki í góðu efnafræðilegu ástandi vegna skorts á gögnum. Því vill Umhverfisstofnun benda á að ganga þarf úr skugga um að það vatn sem finnst sé hæft til notkunar eða neyslu áður en til þess kemur.

Umhverfisstofnun mun innheimta gjald fyrir vinnu við gerð bráðabirgðaheimildar, skv. gildandi gjaldskrá stofnunarinnar á hverjum tíma.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um veitingu bráðabirgðaheimildar er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá dagssetningu þessa bréfs, skv. 65. gr. laga nr. 7/1998, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Virðingarfyllt,

Ríkey Kjartansdóttir
sérfræðingur

Skúli Þórðarson
sviðsstjóri